



Alþingi
Erindi nr. P 143/248
komudagur 18.11.2013

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 18.11.2013
Tilvísun: 201311-0009

Efni: Frumvarp til laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, sameignarfélög og fyrirtækjaskrá, 132. mál

Alþýðusamband Ísland gerir engar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Halldór Oddsson.
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sæturni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2013 R2013110005
T-ums 17/13

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verlanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, lögum um sameignarfélög, nr. 50/2007, og lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003 - þingmál 132, þskj. 147.

Ríkisskattstjóri hefur þann 5. nóvember 2013 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að firmaskrá verði færð frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár. Þannig verði unnt að nýta þá þekkingu og tölvukerfi sem til eru í fyrirtækjaskrá til að halda utan um skráningu á einstaklingsfirmum, sameignarfélögum og samlagsfélögum. Í athugasemdum kemur fram að breytingin muni hafa í för með sér samræmingu á landsvísu og betri þjónustu við atvinnulífið og þá sé einnig hagræði í því að skráning atvinnurekstrar verði á einni hendi.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu þá er það samið í samstarfi við fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Embættið fagnar því framlagningu þess og telur að lögfesting þess muni leiða til einföldunar fyrir viðskiptalífið og tryggja að skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga verði í samræmi við skráningu annarra félagaforma í atvinnurekstri. Hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra er fyrir hendi tölvukerfi sem nýtist til umræddrar skráningar og þá verður miðlun upplýsinga um þessi rekstrarform öruggari og nútímalegri en verið hefur. Jafnframt má nefna að starfsfólk fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra er þjálfað í yfirferð gagna sem tengist skráningu rekstrar og skýrir verkferlar eru til um meðferð gagnanna.

Í þessu sambandi telur ríkisskattstjóri þó óhjákvæmilegt að vekja athygli á að samkvæmt núgildandi lögum nr. 36/1978, um stimpilgjöld, eru félagssamningar félaga með ótakmarkaða ábyrgð stimpilgjaldsskyldir. Aðrir félagssamningar eru það ekki. Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um stimpilgjald sbr. 4. mál, þskj. 4. Með því frumvarpi er lagt til að gjaldskylda stimpilgjalds nái einungis til þeirra skjala sem varða eignaryfirfærslu fasteigna hér á landi og skipa yfir 5 brúttótonnum sem skrásett eru hér á landi. Að mati ríkisskattstjóra væri eðlilegt að við flutning firmaskráa til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóri væri fallið frá stimpilskyldu umræddra skjal til samræmis við önnur félagaform til samræmis við það sem lagt er til í áður nefndu þskj. nr. 4. Áframhaldandi stimpilskylda kallar á flóknara ut anumhald en nú er. Ríkisskattstjóri leyfir sér því að leggja til að gætt verði að framangreindum athugasemdum við afgreiðslu þess frumvarps sem hér er til umsagnar sem og frumvarps til laga um stimpilgjald.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Skúli Jónsson


Guðrún J. Jónsdóttir



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, sameignarfélög og fyrirtækjaskrá. 132. mál

Samtök atvinnulífsins- SA, vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar samtakanna um ofangreint frumvarp. SA hefur kynnt sér efni frumvarpsins og gerir ekki efnislegar athugasemdir við þær breytingar sem þar eru lagðar til á lögum nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, lögum nr. 50/2007 um sameignarfélög og lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrár. Samtökin telja að með frumvarpinu sé stigið skref í þá átt að bæta þjónustu við atvinnulífið og mælir því með því að það verði samþykkt.

Rétt er þó að leggja áherslu á að SA telur afar mikilvægt að sá kostnaðarauki sem verður til við samþykkt frumvarpsins, sbr. kostnaðarumsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis, lendi ekki á atvinnulífinu heldur sé mætt með framlagi úr ríkissjóði.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Kristín Þóra Harðardóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/203
komudagur 13.11.2013



Reykjavík, 13. nóvember 2013

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um flutning firmaskrár frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár, 132. mál.

Aðaltilgangur frumvarpsins er að firmaskrá færist til fyrirtækjaskrár frá sýslumönnum. Með flutningnum mun skráning mismunandi félagforma einfaldast. SFF fagna frumvarpinu og styðja lögfestingu þess.

Virðingarfyllst,

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 143/173
komudagur 8.11.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2013

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, sameignarfélag og fyrirtækjaskrá, 132. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, lögum um sameignarfélag, nr. 50/2007, og lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003 (flutningur firmaskrár frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár), 132. mál.


Í framangreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á framangreindum lögum á þá vegu að firmaskrá færist til fyrirtækjaskrár frá sýslumönnum og um leið að firma eins manns, sameignarfélag og samlagsfélag verði héðan í frá skráð hjá fyrirtækjaskrá.

SVP hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og gera samtökin ekki athugasemdir hvað það varðar en eins og segir í athugasemdum við frumvarpið er breytingum þessum m.a. ætlað að fela í sér samræmingu á landsvísu og betri þjónustu við atvinnulífið. SVP vekja hins vegar athygli á kostnaðarumsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis sem fylgir frumvarpinu þar sem segir m.a. eftirfarandi: „*Áætlað er að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra þurfi að bæta við hjá sér einum starfsmanni til að sinna þeim verkefnum sem flytjast til stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu og að kostnaður vegna þess verði um 7,5 m.kr. á ári. [...]. Gert er ráð fyrir að 3 m.kr. fjárheimild flytjist til stofnunarinnar frá sýslumannsembættum vegna þessa og að viðbótarútgjöld muni því aukast um 3,5 m.kr. þar sem reiknað er með að vinna við verkefnið hjá fyrirtækjaskrá verði nokkuð umfangsmeiri frá því sem nú er. Þessu til viðbótar er reiknað með 9,3 m.kr. einskiptiskostnaði hjá fyrirtækjaskrá vegna skráningar, flokkunar og skömmunar eldri gagna sem færast frá sýslumönnum. Að þessu samanlögðu má því gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni aukast um 13,8 m.kr. verði frumvarpið óbreytt að lögum en þar af verði 9,3 m.kr. einskiptiskostnaður. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaði í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2014.*“

Samkvæmt framangreindri umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis felur breyting þessi því í sér kostnað sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2014. Í ljósi þessa vilja SVP ítreka mikilvægi þess að kostnaður þessi verði ekki sóttur til atvinnulífsins heldur ber ríkissjóði að mæta þeim kostnaði. Í því samhengi benda SVP á, eins og fram kemur í IV. kafla athugasemda við frumvarpið, þá var ekkert samráð haft við fulltrúa atvinnulífsins varðandi umræddar breytingar og að frumvarpið er að miklu leyti tilkomið vegna vinnu fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra og Sýslumannafélags Íslands. Því má ráða að hagsmunir framangreindra opinberu aðila ráði för hvað þetta frumvarp varðar og því er mikilvægt að ríkissjóður mæti þeim aukna kostnaði sem til fellur vegna þess en ekki atvinnulífið.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við efni framangreinds frumvarps að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 143/240
komudagur 18.11.2013



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslanaskrár, firmu, prókúruumboð, lögum um sameignarfélög og lögum um fyrirtækjaskrá (132. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur felur tilfærslu verkefna frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár.

Viðskiptaráð fagnar þeirri viðleitni sem felst í frumvarpi þessu í átt að einföldun ferla, bættri nýtingu kerfa og mannskaps auk bættrar þjónustu við atvinnulífið. Frumvarp þetta er til eftirbreytni enda ljóst að víðs vegar í stjórnkerfinu er unnt að ráðast í margþætta einföldun og auka þar með skilvirkni – stjórnsýslunni og notendum opinberrar þjónustu til hagsbóta.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands